



SKRIFSTOFA FJÁRMÁLAGREININGA LÖGREGLU

FINANCIAL INTELLIGENCE UNIT ICELAND

Endurgreiðsla á vöru og/eða þjónustu





SKRIFSTOFA FJÁRMÁLAGREININGA LÖGREGLU
FINANCIAL INTELLIGENCE UNIT ICELAND

Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu tekur á móti tilkynningum skv. 20. gr. laga nr. 140/2018, ef uppi er grunur um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka.

Skrifstofan vill vekja athygli á eftirfarandi við aðila sem stunda atvinnurekstur í formi verslunar og/eða þjónustu.

Það að viðskiptavinur greiði fyrir vöru með reiðufé og fái endurgreitt með millifærslu inn á reikning að ósk hans, getur falið í sér peningabætti.

Hvað er peningabætti?

Þegar einstaklingur eða lögaðili:

- tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings með broti sem er refsivert samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum, eða
- umbreytir slíkum ávinningi, flytur, sendir, geymir, aðstoðar við afhendingu hans, leynir honum eða upplýsingum um uppruna hans, eðli, staðsetningu, ráðstöfun eða flutningi á vinningsins, eða
- stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíkum refsiverðum brotum.

Með ávinningi er hér átt við þann hagnað sem aðili fær af broti.

Aðferð við peningabætti

Það er þekkt aðferð til að fela uppruna reiðufjár, sem gæti verið ávinningur af broti, að viðskiptavinur greiði með reiðufé og óski síðan eftir endurgreiðslu á vöru eða þjónustu og sú endurgreiðsla fari fram með millifærslu inn á reikning sem viðskiptavinurinn óskar eftir.



SKRIFSTOFA FJÁRMÁLAGREININGA LÖGREGLU
FINANCIAL INTELLIGENCE UNIT ICELAND

Með því að nota þessa aðferð hefur viðskiptavinurinn komið því reiðufé, sem gæti verið ávinningur af broti, sem hann notaði til að greiða fyrir vöruna inn í efnahagskerfið og búinn að fela uppruna þess. Með þessari aðferð hefur viðskiptavinurinn hugsanlega þvættað ávinning af broti.

Endurgreiðsla sé gerð á sama formi og greiðslan var gerð upphaflega

Endurgreiðsla á vöru eða þjónustu ætti alltaf að fara fram á sama formi og greiðslan var gerð. Þetta á einnig við um ef greitt er með millifærslu af reikning að millifært sé inn á sama reikning til baka en ekki annan reikning að ósk viðskiptavinar.

Mikilvægt er að það komi fram að það er ekki ólöglegt að nota reiðufé í viðskiptum. Við viljum hins vegar leggja áherslu á að ef um endurgreiðslur er að ræða að þær fari fram á sama formi og greiðslan fór fram til að koma í veg fyrir peningabætti.

Vakni upp grunur um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka er hægt að senda tilkynningu á netfangið pt@hersak.is. Einnig er hægt að hafa samband starfsfólk skrifstofunnar í síma 444-0200 fyrir frekari leiðbeiningar og/eða ef spurningar vakna.

Eftirfarandi fræðsluefni var gefið út á vegum stýrihóps um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=d4253ae4-7c97-11e9-9440-005056bc4d74>